



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 20.01.2022

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og heilbrigðisráðs frá 19. janúar 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Skýrsla starfshóps um hröð orkuskipti í Reykjavík

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, f.h. borgarráðs, dags. 7. janúar 2022, þar sem óskað er umsagnar umhverfis- og heilbrigðisráðs um tillögu borgarstjóra um málsmeðferð fyrir tillögur starfshóps um hröð orkuskipti í Reykjavík, ásamt tillögu um eigendastefnu Reykjavíkurborgar. Einnig er lögð fram tillaga borgarstjóra dags. 4. janúar 2022 og skýrsla starfshóps um hröð orkuskipti í Reykjavík dags. maí 2021. Jafnframt er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 14. janúar 2022.

Umhverfis- og heilbrigðisráð tekur undir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs og gerir að sinni.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 14. janúar 2022



Umhverfis- og heilbrigðisráð

Umsögn um tillögur borgarstjóra um málsmeðferð fyrir tillögur starfshóps um hröð orkuskipti í Reykjavík

Að beiðni formanns umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur hefur Umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofa umhverfisgæða, rýnt tillögur borgarstjóra um málsmeðferð fyrir tillögur starfshóps um hröð orkuskipti í Reykjavík sem ráðinu var sent til umsagnar með bréfi dags. 7. janúar sl.

Skrifstofan telur málsmeðferðina góða og gerir ekki athugasemdir við hana. Til að tryggja framgang verkefna er lagt er til að framhaldsstarfshóp undir stjórn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, sem nefndur er í tillögu borgarstjóra nr. 11, undir eftirfylgni og innleiðing, verði falið eftirfylgni við afgreiðslu og meðferð tillagna borgarstjóra.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Benedikt Friðriksson
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa umhverfisgæða